



Til: Skólastjórnenda og tengiliða í grunnskólum vegna Forvarnardagsins

Forvarnardagurinn 2. október 2019

Mikilvægar upplýsingar

Forvarnardagurinn verður haldinn miðvikudaginn 2. október nk. Með deginum er verið að koma á framfæri þremur heillaráðum sem rannsóknir hafa sýnt að geta stuðlað að því að heilbrigðu lífi ungmenna. Dagskráin miðast við 9. bekk. Undanfarin ár hefur dagskrá innan skólanna verið svipuð.

Spurningar fyrir umræðuhlutann eru inni á vefsvæði Forvarnardagsins. Verkefnastjórar bera ábyrgð á að prenta þær út og undirbúa nemendur fyrir umræður. Nemendum er skipt upp í 5 manna hópa og ræða saman um hvað það er sem skiptir þau máli og sannmælast um það og skrá það hjá sér. Niðurstöðurnar eru svo sendar á forvarnardagur@landlaeknir.is

Myndband með skilaboðum um spennandi stuttmyndakeppni verður á vefsíðunni og er spilað á EFTIR umræðum. Það er gert til að umræðurnar hjá nemendum verði ekki leiðandi.

Stuttmyndakeppni verður haldin í ár og eru leikreglur kynntar nemendum í myndbandinu sem nefnt var hér að ofan og verður á vefsvæði Forvarnardagsins.

Ef skólinn vill fá gest úr nærumhverfi sínu til að styðja við dagskránnu þá er það góð viðbót. Það getur verið gestur frá fjöldahreyfingunum eða einhver sem ungmenni líta upp til og er góð fyrirmynd á þessu sviði.

Við höfum lagt til eftirfarandi dagskráröð og hefur hún verið notuð sem grunnur að verkefnum dagsins í skólunum:

1. Verkefnastjóri verkefnisins - sá aðili sem hefur umsjón með verkefninu ávarpar nemendur og upplýsir um tilgang verkefnisins. Tími áætlaður 5 mín.

2. Umræðuhópar - með nemendum þar sem fjallað er um þrjár spurningar innan hvers af áðurnefndum þremur heillaráðum sem skipta máli. Spurningarnar eru prentaðar út af vefsíðunni og nemendum leiðbeint um að skrá stutt svör sem hópurnir er sammála um. Kennarar stýra umræðum og tryggja að sem flest svör nemenda séu skráð og þeim sé skilað. Hópstjóri er skipaður innan hvers umræðuhóps og sendir hann svör hópsins á netfangið forvarnardagur@landlaeknir.is. Mælt er með því að kennari sé til staðar til að fylgist með ungmennunum og sjái til þess að svörin séu sönn og rétt send inn. Tími áætlaður 30 mín.

3. Myndband - um stytmyndakeppnina sem framleitt hefur verið í tilefni dagsins. Nemendur vinna svo að því að senda inn stuttmynd í sínum frítíma sem var kynnt eftir leiðbeiningum (sem fylgja með) og senda það inn á youtube.com og senda hlekkinn á forvarnardagur@landlaeknir merkt „Stuttmyndakeppni“. Unnt verður að skila inn lausnum til miðnættis 6. nóvember nk. Síðar verður valið úr þeim myndböndum sem berast og haft samband við vinningshafa. Afhending verðlaunanna fara fram á Bessastöðum úr hendi forseta Íslands. Myndbandið tekur um 5 mínútur í sýningu.

Dagskráin í heild sinni ætti að taka 70-80 mínútur og hefst víðast hvar milli klukkan 10:00 – 11:30. Tímasetningin er þó alfarið val skólans.

Fulltrúi okkar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur sent sveitarstjórnnum á landinu upplýsingar um tilgang og framkvæmd forvarnardagsins. Í bréfinu er óskað eftir að forvarnarfulltrúar sveitafélaganna og/eða íþrótt- og tómstundafulltrúar séu meðvitaðir um tilgang og þá vinnu sem fer fram á forvarnardaginn og komi jafnvel við í heimsókn og það sama gildir um bæjarstjóra.

Við hvetjum ykkur kærlega verkefnastjórar að nýta ykkur þá umræðu sem skapast með Forvarnardeginum og um leið hvetja alla sem vinna að málefnum barna og ungmenna að nýta sér þau jákvæðu skilaboð sem dagurinn ber með sér.

Kær kveðja,

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir,
sh@landlaeknir.is
Verkefnisstjóri
Embætti landlæknis

Forvarnardagurinn 2019.